

Haukur Hannesson.

UMSK

PINGGERÐ

40. PINGS U.M.S.K.

1963

Þ I N G G E R Ð

40. ÞINGS U.M.S.K.

40. sambandsþing Ungmennasambands Kjalarnesþings var haldið að Hlégarði í Mosfellssveit sunnudaginn 17. marz 1963, kl. 10.30 f.h.

I. Formaður sambandsins Páll Ólafsson setti þingið, og bauð fulltrúa velkomna til þingstarfa.

II. Kosning kjörbréfanefndar, kosnir voru Ásbjörn Sigurjónsson, Steinar Ólafsson og Gestur Guðmundsson.

Nefndin tók þegar til starfa og skilaði álitum eftir stutta stund og hafði Ásbjörn Sigurjónsson orð fyrir nefndinni, las hann upp nöfn fulltrúa og kynnti þá. Fulltrúar voru þessir:

Frá Umf. Afturelding:

Sigurður Skarphéðinsson

Niels Hauksson

Ari V. Ragnarsson

Einar Kristjánsson

Lárus Halldórsson

Jón M. Guðmundsson

Ásbjörn Sigurjónsson

Frá Umf. Drengur:

Njáll Guðmundsson

Magnús Sæmundsson

Gísli Ellertsson

Bergur Magnússon

Helgi Jónsson

Ólafur Þór Ólafsson

Haraldur Jónsson

Frá Umf. Breiðablik:

Guðmundur Óskarsson
Axel Jónsson
Gestur Guðmundsson
Hörður Ingólfsson
Ingólfur Ingólfsson
Bára Eiríksdóttir
Daði Jónsson
Margrét Sverrisdóttir

Frá Umf. Bessastaðahrepps:

Árman Pétursson

Frá Umf. Kjalnesinga:

Árni Snorrason
Karl Haraldsson
Ólafur Haraldsson

III. Kosning starfsmanna þingsins:

1. Þingforseti var kosinn Jón M. Guðmundsson
2. - - - Lárus Halldórsson
3. - - - Árman Pétursson

Ritarar: Ingólfur Ingólfsson og
Hörður Ingólfsson

Dá var kosið í kjörnefnd, kosnir voru:

Einar Kristjánsson
Árman Pétursson
Guðmundur Óskarsson
Haraldur Jónsson
Ólafur Haraldsson

IV. Skýrsla sambandsstjórnar: Sambandsformaður Páll Ólafsson skýrði frá starfsemi sambandsins á síðasta ári. Hann kvað íþróttastarfsemina hafa verið nokkuð minni en oft áður, og fallið hafi niður nokkur íþróttamót, sem venja hefur verið að halda, svo sem Sveinamót í frjálsum íþróttum, fjöggra-bandalagakeppnina, starfsíþróttamót og knattspyrnukeppni. Formaður gat þess, að Umf. Breiðablik hafi unnið héraðskeppnina í frjálsum íþróttum,

og þar með unnið til eignar Ólafsstýttuna.

Bridge-keppni var haldin á árinu, 48 þátttakendur tóku þátt í þeirri keppni, og voru veitt sérstök verðlaun í tilefni 40 ára afmælis sambandsins.

Formaður ræddi nokkuð um tryggingarmál íþróttamanna, og einnig um nýútkomið afmælisrit sambandsins.

Síðan tók til máls gjaldkeri sambandsins, Sigurður Skarp-héðinsson, las upp reikninga þess og skýrði þá.

Nokkrar umræður urðu um skýrslu stjórnarinnar. Fyrstur tók til máls Lárus Halldórsson og óskaði eftir að fá að heyra sundurliðun á kennslustyrki frá Í.S.Í. Hann ræddi nokkuð um tryggingarmál íþróttamanna.

Þá tók til máls Hörður Ingólfsson, taldi hann að eitthvað yrði að gera til að efla íþróttalíf á félagssvæðinu. Þá gat hann þess, að íhuga þyrfti, hvort tímabært væri að Kópavogur gerðist sjálfstætt íþróttahérað. Það mál væri á umræðustigi, en þyrfti athugunar við.

Lárus Halldórsson hvatti til þess, að varlega væri farið í þeim efnum, taldi hann að sambandið væri varla nógu sterkt til þess, að missa sterkasta félagið úr því. Fleiri tóku ekki til máls um skýrslu sambandsstjórnar.

Reikningarnir voru síðan bornir upp og samþ. samhljóða.

Þá var gefið matarhlé.

V. Álit kjörnefndar; framsögumaður Ármann Pétursson, skýrði hann frá tillögum nefndarinnar um skiptingu þingfulltrúa í þingnefndir er voru þannig:

Allsherjarnefnd: Ásbjörn Sigurjónsson
 Daði Jónsson
 Ármann Pétursson
 Ólafur Haraldsson
 Ingólfur Ingólfsson
 Páll Ólafsson

	Magnús Sæmundsson
	Gísli Ellertsson
	Helgi Jónsson
Iþróttanefnd:	Njáll Guðmundsson
	Hörður Ingólfsson
	Niels Hauksson
	Arni Snorrason
	Ólafur Þór Ólafsson
	Bára Eiríksdóttir
	Karl Haraldsson
Félagsmálanefnd:	Lárus Halldórsson
	Einar Kristjánsson
	Gestur Guðmundsson
	Margrét Sverrisdóttir
	Ari Ragnarsson
	Haraldur Jónsson
Fjárhagsnefnd:	Sigurður Skarphéðinsson
	Steinar Ólafsson
	Jón Ólafsson
	Guðmundur Óskarsson
	Bergur Magnússon
	Erlingur Ólafsson

Nefndirnar þannig skipaðar, samþ. samhljóða.

Sambandsformaður tók til máls og las upp nokkrar ályktun-
ar tillögur frá sambandsstjórn og var þeim vísað til viðkomandi
nefnda.

Þáll Ólafsson kvaddi sér hljóðs, og sagði meðal annars,
þar sem U.M.S.K. ætti 40 ára starf að baki væri þingfulltrúum
boðið til kaffidrykkju kl. 3,00 ásamt nokkrum boðsgestum frá
íþróttasamtökum og stjórn Ungmennafélags Íslands.

Síðan var gert fundarhlé, nefndir beðnar að taka til
starfa.

VI. Kl. 6.30 var fundi framhaldið og tekið fyrir álit
þingnefnda.

a. Alit ípróttanefndar:

Framsögumaður Hörður Ingólfsson. Las hann upp tillögur nefndarinnar, sem voru þessar:

- I. Um ípróttapjálfaflara o.fl., samþ. samhljóða.
- II. Um sundmót o.fl., samþ. samhlj.
- III. Um starfsípróttir o.fl., samþ. samhlj.
(Sjá Þingskjöl I. II. III.)

b. Alit félagsmálanefndar:

Framsögumaður Lárus Halldórsson, skýrði hann frá tillögum með nokkrum orðum, sem voru þessar:

- I. Um slysatryggingar ípróttamanna, samþ. samhlj.
(Þingskjal IV.)
- II. Um stofnun æskulýðsráðs, samþ. samhlj.
(Þingskjal V.)

c. Alit allsherjarnefndar:

Framsögumaður Ásbjörn Sigurjónsson. Tillögur nefndarinnar voru þessar:

- I. Um gerð spjaldskráreyðublaða, samþ. samhlj.
(Þingskjal VI.)
- II. Um mælskunámskeið, samþ. samhlj. (Þingskjal VII.)

d. Alit fjárhagsnefndar:

Framsögumaður Sigurður Skarphéðinsson, las hann upp tillögu nefndarinnar um fjárhagsáætlun fyrir árið 1963. Samþ. samhlj. (Þingskjal VIII.)

Benedikt G. Waage, heiðursforseti Í.S.Í., flutti kveðju frá Ípróttasambandi Íslands.

VII. Fréttir frá sambandsfélögum, um starfsemi félaganna á síðasta ári.

VIII. Tillaga kom fram frá félagsmálanefnd, sem Lárus Halldórsson las upp, svohljóðandi: 40. héraðsping U.M.S.K. haldið að Hlégarði 17. marz 1963, þakkar sýslunefndum Gullbringu- og Kjósarsýslu, bæjarstjórn Kópavogskaupstaðar og stjórn Búnaðarsambands Kjalarnesþings, veittan fjárfstyrk til sambandsins á liðnu ári. Samþ. samhlj.

IX. Stjórnarkjör og aðrar kosningar:

Kjörnefnd þingsins lagði fram eftirfarandi tillögur um stjórnskipun og fulltrúakjör. Voru tillögurnar samþ. samhlj.

Sambandsstjórn:

Formaður: Haukur Hannesson
Varaformaður: Gestur Guðmundsson
Meðstjórnendur: Sigurður Skarphéðinsson
Einar Ólafsson
Árni Snorrason
Varastjórn: Njáll Guðmundsson
Bjarni Þorvarðsson
Tómas Sturlaugsson
Geir Magnússon
Hildimundur Sæmundsson
Endurskoðendur: Lárus Halldórsson
Ólafur Ág. Ólafsson
Varamenn: Guðjón Hjartarson
Jón Ólafsson

Fulltrúar á þing F.R.I.:

Lárus Halldórsson
Hörður Ingólfsson
Steinar Ólafsson
Varamenn: Ingólfur Ingólfsson
Axel Jónsson
Njáll Guðmundsson

Fulltrúar á þing K.S.I.:

Daði Jónsson
Sigurður Skarphéðinsson
Guðmundur Óskarsson
Varamenn: Tómas Sturlaugsson
Helgi Magnússon
Júlíus Júlíusson

Fulltrúar á þing H.S.Í.:

Jón M. Guðmundsson
Frímann Gunnlaugsson
Hrafnkell Egilsson
Varamenn: Guðjón Hjartarson
Skúli Skarphéðinsson
Stefán Einarsson

Fulltrúi á Sundsambandsþing:

Sigurður Gunnar Sigurðsson
Til vara: Geir Magnússon

Íþróttaráð:

Janus Eiríksson
Ólafur Þór Ólafsson
Hildimundur Sæmundsson
Ingólfur Ingólfsson
Ólafur Haraldsson
Varamenn: Sverrir Jónsson
Karl Haraldsson
Magnús Sæmundsson
Stefán Ráfn Eypórsson
Einar Kristjánsson

Íþróttadómstóll:

Lárus Halldórsson

Fulltrúar á þing U.M.F.Í.:

Lárus Halldórsson
Haukur Hannesson
Guðmundur Óskarsson
Varamenn: Helgi Jónsson
Páll Ólafsson
Úlfar Ármannsson

X. Dingslit:

Axel Jónsson kvaddi sér hljóðs. Þakkaði hann fráfarandi formanni sambandsins Páli Ólafssyni störf hans í þágu U.M.S.K. Páll Ólafsson þakkaði Axel hlý orð í sinn garð og samstarfsmönnum sínum í stjórn sambandsins undanfarin ár gott samstarf, síðan óskaði hann hinni nýkjörnu stjórn heilla og farsældar í starfi.

Jón Guðmundsson þingforseti, þakkaði þingfulltrúum gott samstarf á þinginu, starfsmönnum þingsins þakkaði hann gott starf, og sleit síðan 40. sambandsþingi U.M.S.K.

Hörður Ingólfsson
(ritari)

Ingólfur Ingólfsson
(ritari)

ÞINGSKJÖL

I. 40. þing U.M.S.K. samþ. að skora á væntanlega stjórn sambandsins að ráða íþróttþjálfara, er leiðbeini og skipuleggi íþróttalíf á félagssvæðinu næsta sumar.

Þingið vill vekja athygli á því, að ætíð séu til næg verkefni fyrir íþróttafólkið að glíma við og áður samþykkt kappmót falli ekki niður.

II. 40. þing U.M.S.K. vill vekja athygli sambandsfélaganna á sundlaug Varmárskóla og fagnar bættum skilyrðum til sundnáms æskufólks á sambandssvæðinu.

Þingið beinir þeim tilmælum til væntanlegrar stjórnar að efnt verði til sundmóts í hinni nýju sundlaug á yfirstandandi ári, ef hægt er.

III. 40. þing U.M.S.K. harmar það að ekki skuli hafa orðið slík þróun í starfsíþróttum sem æskilegt hefði verið. Telur þingið að það sé fjárhagslega ofviða U.M.F.Í. að skapa grundvöll fyrir almennri þátttöku í starfsíþróttum í sveitum landsins. Telur þingið æskilegast að U.M.F.Í. hafi náð samstarf við félagssamtök atvinnumanna um þetta mál, og að ráðinn verði sérmenntaður maður til leiðbeininga og kennslu á námskeiðum.

IV. Þar sem 39. þing U.M.S.K. samþykkti að U.M.S.K. yrði aðili að slysatryggingarsjóði og stjórnin hefur þegar gert ráðstafanir í þá átt, ályktar 40. þing U.M.S.K. að halda máli þessu áfram.

Hins vegar telur þingið eðlilegt að ungmennafélög og íþróttafélög greiði ekki sama gjald fyrir hvern skattskyldan félagsmann, þar sem mikill hluti ungmennafélaga stunda ekki íþróttir.

V. 40. þing U.M.S.K. felur væntanlegri stjórn að athuga möguleika á stofnun æskulýðsráðs á sambandssvæðinu.

Verkefni þess yrði meðal annars að vinna að starfsfræðslu

og tómsfundaiðju barna og unglina.

Fjármagni til starfs síns, yrði ráðinu séð fyrir af sveita- og bæjarfélögunum á sambandssvæðinu.

VI. 40. héraðsping U.M.S.K. felur stjórn sambandsins að láta prenta hentug spjaldskráreyðublöð fyrir sambandsfélögin.

VII. 40. héraðsping U.M.S.K. felur stjórninni að koma á mælskunámskeiðum hjá sambandsfélögunum.

Námskeið þessi verði haldin árlega og hefjist á hausti komanda.

VIII. FJÁRHAGSÁETLUN FYRIR ÁRIÐ 1963

Tekjur:

Tekjur af sölu afmælisrits	kr.	25.000,00
- - auglýsingum	-	16.000,00
Innkomið fyrir slysatryggingar	-	5.000,00
Styrkur frá Kópavogskaupstað	-	5.000,00
- - Gullbringusýslu	-	3.000,00
- - Kjósarsýslu	-	10.000,00
- - Búnaðarsambandi Kjalarnesp.	-	2.000,00
<u>Innkomin skattur frá sambandsfélögum</u>	<u>-</u>	<u>6.000,00</u>
	<u>Kr.</u>	<u>72.000,00</u>

Gjöld:

Skattur til U.M.F,í. og í.S.í.	kr.	4.000,00
Kostnaður við slysatryggingar	-	5.000,00
- - héraðsmót og fjögrabandalagakeppni-	-	9.000,00
- - héraðsping	-	6.000,00
- - stjórnarfundir	-	1.000,00
- - síma og auglýsingar	-	2.500,00
Ýmis kostnaður	-	4.500,00
<u>Skuld vegna afmælisrits</u>	<u>-</u>	<u>40.000,00</u>
	<u>Kr.</u>	<u>72.000,00</u>